



HAFNARFJÖRÐUR

1705286 Fyrirspurnir, afdrif

1412299, Lýðræðisvíka, tillaga úr bæjarstjórn 10. desember s.l. (2014)

Ekki var í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir fjármagni til þátttöku. Hins vegar voru leik- og grunnskólar sveitarfélagsins hvattir til að kynna sér efni og verkefnið og hvatt til lýðræðislegrar umræðu í tilefni lýðræðisvikunnar.

1703431, Leigufélag stofnun.

Eftir gildistöku laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 hefur verið unnið að athugun á stofnun leigufélags sem ekki sé rekið í hagnaðarskyni. Vinnan er langt á veg komin og er gert ráð fyrir að unnt verði að leggja fyrir bæjarráð á næstu vikum niðurstöður þeirrar vinnu og tillögur.

1604298 GN eignir og Eignasjóður, sameining

Fyrirspurninni er beint til bæjarfulltrúa

1610409, Fyrirspurn, félagslegt húsnæði

Fyrirspurn var svarað af Rannveigu Einarsdóttur sviðsstjóra Fjölskylduþjónustu 30. nóvember 2016, lagt fram á bæjarráðsfundi 1. desember 2016, sjá meðfylgjandi svar.

Unnið hefur verið að endurskoðun á rekstarsamningum við FM hús. Sú vinna er á lokastigi.

Hafnarfirði, 30. maí 2016

Sigríður Kristinsdóttir

sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.



Svar við fyrirspurn um stöðu húsnæðismála

Á fundi bæjarráðs þann 17. nóvember 2016 lagði áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Prátt fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í að stytta vaxandi biðlista eftir félagslegu leiguþúsnæði er enn a.m.k. 161 umsækjandi talinn í brýnni þörf fyrir slikt úrræði. Hve margir til viðbótar hafa verið teknir út af listanum vegna þess að þeir endurnýjuðu ekki umsóknir sínar í tæka tíð og hve margir í þeim hópi má gera ráð fyrir að muni endurnýja umsóknir sínar? Hve margir til viðbótar felli út vegna þess að þeir voru ekki lengur álitnir í "brýnni þörf" og hvaða atriði réðu þar mestu um? Svar við síðari spurningunni óskast sundurlíðað svo bæjarfulltrúum gefist betri kostur á að leggja upplýstara mat á nágildandi stigakerfi og endurskoða það í ljósi reynslunnar. Einnig óskast upplýsingar um hvernig tekjuviðmið og íbúðaeign hafa þróast síðustu 5 ár?...“

Hve margir til viðbótar hafa verið teknir út af listanum vegna þess að þeir endurnýjuðu ekki umsóknir sínar í tæka tíð og hve margir í þeim hópi má gera ráð fyrir að muni endurnýja umsóknir sínar?

Færri eru skráðir á biðlista nú í lok árs 2016 þar sem unnið hefur verið að endurnýjun umsókna á haustmánuðum. Þeir sem voru á biðlista fengu send bréf um mitt sumar þar sem ítrekuð var nauðsyn þess að endurnýja umsókn um félagslegt húsnæði. Er þetta í samræmi við reglur sveitarfélagsins. 104 sem voru á biðlistanum endurnýjuðu ekki umsóknir sínar. Erfitt er að áætla hversu margir muni endurnýja umsóknir á næstu vikum og mánuðum.

Hve margir til viðbótar felli út vegna þess að þeir voru ekki lengur álitnir í "brýnni þörf" og hvaða atriði réðu þar mestu um?

53 umsækjendur um félagslegt húsnæði falla af biðlistanum þar sem þeir eru ekki taldir í brýnni þörf og ná ekki sex stigum á matkvarðanum. Þeir sem ekki ná tilskyldum stigafjölda eru ekki taldir í brýnni þörf og/eða með tekjur yfir viðmiðunarmörkum. Í brýnni þörf eru þeir taldir sem eru með tekjur undir viðmiðunarmörkum og eru í óöruggri leigu. Óörugg leiga er talin vera stuttur leigusamningur eða dýr leiga. Þeir sem eru að missa leiguþbúð innan tveggja mánaða eru taldir í brýnni þörf og eru þetta sömu reglur og í gildi eru í öðrum sveitarfélögum. Einstaklingar sem eru á biðlista nú eru með 6-10 stig samkvæmt matslista.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um tekjuviðmið og matsreglur.

Einnig óskast upplýsingar um hvernig tekjuviðmið og íbúðaeign hafa þróast síðustu 5 ár.

Velferðarráðuneytið setur viðmið árlega í reglugerð um tekju- og eignamörk einstaklinga í félagslegum eignum. Viðmiðið er nú 4.749.000.- kr. fyrir einstakling. Sjá fylgiskjal.

241 íbúð er til umráða í félagslega íbúðakerfinu, þar af eru 11 í framleigu.

2007 voru keyptar 3 íbúðir, 2008 voru 10 íbúðir keyptar en ein seld, 2012 var ein íbúð seld og 2013 ein keypt. 2016 voru þrjár íbúðir keyptar.

Hafnarfjörður 30. nóvember 2016.

Rannveig Einarsdóttir,



sviðsstjóri Fjölskyldupjónustu.